

Edward Finnsson
Vesturtúni 19
225 Álftanesi



Ísafjörður 16. september 2015
UST201506-186/J.S.J

Efni: Hornstrandir – Tunga, Fljótavík, viðbygging á núverandi húsi.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Edwards Finnssonar dagsett 23. júní 2015, þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmd innan friðlýst svæðis, n.t.t. byggingu viðbyggingar við sumardvalarhús, byggt 2004 í landi Tungu í Fljótavík í Hornstrandafriðlandinu.

Lýsing framkvæmdar

Fram kemur í umsókn að byggt verði við núverandi sumardvalarhús og það stækkað til austurs. Stærð hússins fer úr 48,6m² og 209m³, í 99,6m² og 335,7m³. Húsið eru timburhús, grundað á fúavarða timburstaura undirstöðu. Gólf, útveggir og þak er úr timbri. Útveggir verða klæddir með borðaklæðningu úr timbri en þak verður klætt með stálklæðningu. Þak verður svart en útveggir furulitaðir.

Áhrifamat

Jörðin Tunga í Fljótavík hefur verið í ábúð af og til frá fimmtánda öld en fór í eyði árið 1945. Þrátt fyrir stækkun hússins til austurs og tímabundið rask á jarðvegi á framkvæmdatíma er það ekki talið muni breyta verulega ásýnd jarðarinnar Tungu eða rýra verndargildi náttúrufars í friðlandinu, að því gefnu að tilhögun verksins verði í samræmi við skilyrði Umhverfisstofnunar. Er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin komi ekki til með að rýra verndargildi Hornstrandafriðlandsins.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umræddrar framkvæmdar. Jafnframt setur stofnunin eftirfarandi skilyrði:


- Sérfræðingur friðlandsins verður látin vita af stöðu framkvæmdar, hvenær hún hefst og verkáætlun þegar hún liggur fyrir.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lágmarki.
- Sérfræðingur friðlandsins mun hafa eftirlit með því að framkvæmdin stríði ekki gegn ákvæðum friðlýsingar og með frágangi svæðisins að henni lokinni.
- Ekki verði notað s.k. sexhjól við efnisflutninga. Umhverfisstofnun hefur ekki heimild til að veita undanþágu frá 17. gr. laga nr.44/1999 varðandi akstur utan vega.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd án tafar, s.kv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt yrði að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun mun viðhafa eftirlit með frágangi framkvæmdar, 3 klst. sbr. gjaldskrá nr. 535/2015, eða kr.11.900 á klst.

Virðingarfyllst


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri